

GJALDSKRÁ

fyrir kattahald í þéttbýli Rangárþings eystra.

1. gr.

Skrá skal alla ketti í þéttbýli Rangárþings eystra skv. 3. mgr. 2. gr. samþykktar um kattahald í Rangárþingi eystra. Skráningargjald skal vera kr. 3.000 og greiðist við skráningu. Árgjald er kr. 1.000 og greiðist á hverju ári eftir skráningarárið.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 5. gr. sömu samþykktar skal vera kr. 3.000 í fyrsta skipti en síðan hækkar það í kr. 5.000 ef til handsömunar kemur aftur innan sex mánaða frá fyrri handsömun.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum skv. gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra með tilvísun til heimildar í samþykkt um kattahald í Rangárþingi eystra frá 14. júní 2012. Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 343/2009.

Hvolsvelli, 12. nóvember 2015.

Ísólfur Gylfi Pálmason sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 21. janúar 2016